



## Fundargerð

**391. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í félagsheimilinu Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:10 fimmtudaginn 10. desember 2015. Þetta er 13. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 8 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna. Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá, að við málefnskrá bætist:

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

19. Styrkbeiðni frá félagi eldri borgara í Skaftárhreppi. dags. 15.11.2015

III. Fundargerðir til kynningar.

9. Fundargerð 93. fundar Héraðsnefndar. 12.06.2015

10. Fundargerð 94. fundar Héraðsnefndar. 08.12.2015

Dagskrárbreyting samþykkt

### **Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi**

*Niðurstöður vinnustaðaúttektar liggja fyrir og hafa verið sendar á forstöðumenn stofnana og mun sveitarstjóri fara yfir helstu niðurstöður með stjórnendum á næstu vikum. Vinna hefur verið í gangi að leggja lokahönd á fjárhagsáætlun sem verður kynnt á íbúafundi. Landgræðsla ríkisins sendi svar við áskorun sveitarstjórnar vegna stöðu héraðsfulltrúa Landgræðslunnar í Skaftárhreppi þar sem fram kemur að Landgræðslan hafi ekki fjármuni til að stofna til slíkrar starfsstöðvar. Sveitarstjóri átti fund með fulltrúa úr Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þar sem farið var yfir hugmyndir að áframhaldandi samstarfi starfshóps um Skaftá og möguleika á verkefnaframlagi ráðuneytisins til Náttúrustofu Suðausturlands til að halda úti heilu stöðugildi í Skaftárhreppi til tveggja ára í tengslum við rannsóknir og vöktun á jökulvötnum í sveitarfélaginu.*

### **I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu**

1. Kynning frá Kötlu jarðvangi vegna UNESCO vottunar

*Sveitarstjórn þakkar framkvæmdastjóra jarðvangsins fyrir greinargóða kynningu.*

*Sveitarstjórn mun óska eftir því í samstarfi við Mýrdalshrepp og Rangárþing Eystra að SASS styðji áfram við Kötlu jarðvang með fjárframlagi.*

2. Álagning gjalda, gjaldskrár 2016

*Útsvarshlutfall verður 14,52%*

*Fasteignaskattur verður óbreyttur:*

*Fasteignagjöld skv. a- lið, íbúðir og útihús, 0,625%*

*Fasteignagjöld skv. b- lið, atvinnuhúsnæði, 1,32%*

*Fasteignagjöld skv. c- lið, opinbert húsnæði, 1,65%*

*Gjaldskrá fráveitu*

*Fráveitugjald verði 0,25% af fasteignamati húss og lóðar á Kirkjubæjarklaustri.*



*Gjaldskrá sorphirðu- og sorpeyðingargjalda.*

*Íbúðir: sorphirðugjald kr. 20.300 og sorpeyðingargjald 1 sorpílát kr. 7.250, 2 sorpílát 13.500, 3 sorpílát 19.500.*

*Frístundahús: sorpeyðingargjald kr. 9.000 og sorphirðugjald kr. 8.000 (þar sem það á við).*

*Fyrirtæki/atvinnurekstur: sorphirðugjald kr. 38.500, sorpeyðingargjald kr. 1.850kr./m<sup>3</sup>*

*Fráveitu- og sorpgjöld verði innheimt með fasteignagjöldum.*

*Gjalddagar fasteignagjalda verði 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí og 1. ágúst.*

*Eindagi verði 30 dögum eftir gjalddaga.*

*Gjalddagi er einn ef gjald er lægra en 15.000 kr.*

*Gjalddagar eru tveir ef gjald er lægra en 40.000 kr.*

*Reglur um afslátt af fasteigna- og fráveitugjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega.*

*Reglurnar verði uppfærðar miðað við launavísitölu.*

*Gjaldskrá íþróttamannvirkja verður óbreytt*

*Gjaldskrár skólastofnana og mótuneytis taka verðlagsbreytingum.*

*Ó-listi óskar bókunar:*

*Þrátt fyrir heimild sveitarfélagsins til aukinnar gjaldtöku viljum við vara við 45% meðal hækkun sorphirðu- og sorpeyðingarjaldanna í einum áfanga. Teljum við þessa gjaldskrárhækkun auka mjög álögur, jafnt á heimili sem atvinnurekstur í sveitarfélaginu og á engan hátt til þess fallið að styðja við nýsköpun og uppbyggingu atvinnulífs. Því sitjum við hjá við þessa afgreiðslu á gjaldskrá sorphirðu- og sorpeyðingargjalda.*

*D- og Z-listi óskar bókunar:*

*Vegna mikils halla á rekstri þessa málaflokks undanfarin ár sem kemur til vegna þess að hann hefur ekki hækkað með verðlagi síðast liðin ár var hann kominn í 8-9 milljóna króna halla. Meirihluti sveitarstjórnar telur að málaflokkurinn þurfi að standa undir sér.*

*Gjaldskrár Skaftárhrepps 2016 samþykktar af BG, EBH og HGÁ. JG og SG sitja hjá.*

*3. Erindi frá rekstrarnefnd – beiðni um framlag á móti leigu 2015.*

*Sveitarstjórn samþykkir að veita Klausturhólum styrk sem samsvarar húsaleigu fyrir rekstrarárið 2015.*

*4. Ósk um styrk vegna verkefnisins Bændur græða landið.*

*Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið Bændur græða landið um 180.000 kr.*

*5. Viðauki 4 við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2015*

*Viðbótarframlag vegna Bergrisans bs. vegna tapreksturs 2014 1.128 þús.kr. og 2015 2.901 þús.kr.*

*Styrkur til Hjúkrunar og dvalarheimilisins Klausturhólar niðurfelling á húsaleigu 5.143 þús.kr.*

*Styrkur vegna bændur græða landið 180 þús.kr.*

*Greiddir kaffítímar og yfirvinna vegna skrifstofu 2.799 þús.kr.*



Málaflokkayfirlit	Viðauki 4.			Samantekt allra viðauka		
	Rekstrar tekjur	Rekstrar gjöld	Samtals	Upphafleg Fjárhags- áætlun		Fjárhags- áætlun m. Viðaukum
				Rekstrar- niðurstaða	Samtals viðaukar	Rekstrar- niðurstaða
<b>Aðalsjóður</b>						
00 - Skatttekjur.....			0	317.191	0	317.191
02 - Félagsþjónusta.....		9.172 (	9.172)	( 17.303)	( 9.195)	( 26.498)
04 - Fræðslu- og uppeldismál.....			0	( 155.676)	( 883)	( 156.559)
05 - Menningarmál.....			0	( 15.677)	( 165)	( 15.842)
06 - Æskulýðs- og íþróttamál.....			0	( 58.946)	( 2.675)	( 61.621)
07 - Brunamál og almannavarnir.....			0	( 4.887)	1.000	( 3.887)
08 - Hreinlætismál.....			0	( 19.417)	10.500	( 8.917)
09 - Skipulags- og byggingamál.....			0	( 5.977)	0	( 5.977)
10 - Umferðar- og samgöngumál.....			0	( 3.480)	0	( 3.480)
11 - Umhverfismál.....		180 (	180)	( 1.885)	( 180)	( 2.065)
13 - Atvinnumál.....		2.799 (	2.799)	( 16.566)	( 3.579)	( 20.145)
20 - Framlög til B-hluta fyrirtækja.....			0	0	0	0
21 - Sameiginlegur kostnaður.....			0	( 31.842)	( 1.349)	( 33.191)
28 - Fjármagnsliðir.....			0	7.920	0	7.920
<b>Aðalsjóður</b>	<b>0</b>	<b>12.151 (</b>	<b>12.151)</b>	<b>( 6.545)</b>	<b>( 6.526)</b>	<b>( 13.071)</b>
<b>Aðrir sjóðir í A - hluta</b>						
Eignasjóður.....				24.126	( 4.666)	19.460
Millifærslur A-hluta.....						0
<b>A - hluti samtals</b>	<b>0</b>	<b>12.151 (</b>	<b>12.151)</b>	<b>17.581</b>	<b>( 11.192)</b>	<b>6.389</b>
<b>Sjóðir í B - hluta</b>						
Félagslegar íbúðir.....				( 472)	0	( 472)
Fráveita.....				2.976	0	2.976
Leigubúðir aldraðra.....				1.069	0	1.069
Leigubúðir Skaftárhreppi.....				1.646	( 250)	1.396
Sorpokustöð.....				8.574	( 8.574)	0
Millifærslur.....				0	0	0
<b>A og B hluti samtals</b>	<b>0</b>	<b>12.151 (</b>	<b>12.151)</b>	<b>31.374</b>	<b>( 20.016)</b>	<b>11.358</b>

Fjárhagsáætlun 2015		Yfirlit rekstraráætlun				
Rekstrarreikningur	A hluti			Samant. A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar	Fjárhags- áætlun m. viðaukum	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar	Fjárhags- áætlun m. viðaukum
<b>Tekjur:</b>						
Skatttekjur.....	218.550	0	218.550	217.312	0	217.312
Framlög jöfnunar sjóðs.....	91.305	0	91.305	91.305	0	91.305
Aðrar tekjur.....	47.686	0	47.686	63.713	0	63.713
	357.541	0	357.541	372.330	0	372.330
<b>Gjöld:</b>						
Laun og launatengd gjöld.....	155.848	0	155.848	155.848	0	155.848
Annar rekstrar- og stöðgjöld.....	161.828	11.192	173.020	154.003	20.016	174.019
Afskriftir.....	13.688	727	14.415	16.576	( 0)	16.576
	331.364	11.919	343.283	326.427	20.016	346.443
<b>Niðurstaða án fjármagnsliða</b>	<b>26.177 (</b>	<b>11.919)</b>	<b>14.258</b>	<b>45.903</b>	<b>20.016</b>	<b>25.887</b>
<b>Fjármunateljur og (fjármagnsgjöld).....</b>	<b>( 8.596)</b>	<b>( 1.199)</b>	<b>( 9.795)</b>	<b>( 14.528)</b>	<b>( 0)</b>	<b>( 14.528)</b>
<b>Rekstrarniðurstaða f. Tekjuskatt</b>	<b>17.581 (</b>	<b>13.118)</b>	<b>4.463</b>	<b>31.375</b>	<b>20.016</b>	<b>11.359</b>
Tekjuskattur.....	0		0			
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>17.581 (</b>	<b>13.118)</b>	<b>4.463</b>	<b>31.375</b>	<b>20.016</b>	<b>11.359</b>



## Ó-listi óskar bókunar:

Við kjósum að sitja hjá við afgreiðslu viðaukans. Þar sem að innan hans eru útgjöld sem stofnað var til af meirihluta sveitarstjórnar á fyrri hluta ársins. Í því sambandi bendum við á 63. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 á bindandi áhrif fjárhagsáætlunar. Þar segir „óheimilt er að vika frá fjárhagsáætlun samkvæmt 1.mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina“.

## D- og Z-listi óska bókunar:

Til þessara útgjalda sem varðar aukinn launakostnað var stofnað vegna kjarasamninga starfsfólks skrifstofu sveitarfélagsins sem meirihluti sveitarstjórnar telur sig verða að standa við.

Samtals viðbót við rekstrargjöld A-hluta 12.151 þús.kr.

EBH, BG og HGÁ samþykkja viðauka sem verður mætt með handbæru fé. JG og SG sitja hjá.

## 6. Umsókn um stuðning við fornleifarannsóknir. dags. 07.12.2015

Sveitarstjórn samþykkir að sjá rannsóknarhópnun fyrir húsnæði á meðan á uppgrefti í Streitu stendur næsta sumar. Ef gripir finnast verður ákvörðun tekin um forvörslukostnað í samráði við Þjóðminjasafn Íslands. Aðgengi að rústunum og frágangur þarf að vinna í góðu samstarfi við landeiganda og getur sveitarstjórn því ekki tekið ákvörðun varðandi frágang á þessu stigi. Sveitarstjóra falið að ræða við Minjastofnun Íslands vegna Böðmóðstungu.

## 7. Fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2016-2019, seinni umræða.

Fjárhagsáætlun 2016 gerir ráð fyrir að heildartekjur sveitarfélagsins verði 431.531 þús.kr. Laun og launatengd gjöld verði 174.533 þús.kr. Annar rekstrarkostnaður verði 214.696 þús.kr. og afskriftir 15.628 þús.kr. Niðurstaða fyrir fjármagnsliði fyrir samantekin A- og B-hluta er áætluð 26.674 þús.kr. Fjármagnsliðir verði 12.176 þús.kr. og rekstrarniðurstaða verði 14.198 þús.kr. Skatttekjur er áætlaðar 265.389 þús.kr. framlög jöfnunarsjóðs 92.726 þús.kr. og aðrar tekjur 74.384 þús.kr. Eignir eru áætlaðar 592.269 þús.kr. og þar af handbært fé 106.647 þús.kr., skuldir og skuldbindingar samtals 232.102 þús.kr. og eigið fé verður 360.167 þús.kr. Afborganir langtímalána verður 20.349 þús.kr.

Áætlun 2017-2019 er gerð á föstu verðlagi og miðast við óbreyttan rekstur málaflokka frá 2016.

Áætlun 2017 gerir ráð fyrir 3,7% verðbótum og rekstrarniðurstöðu 14.892 þús.kr.

Áætlun 2018 gerir ráð fyrir 3% verðbótum og rekstrarniðurstöðu 17.804 þús.kr.

Áætlun 2019 gerir ráð fyrir 2,6% verðbótum og rekstrarniðurstöðu 20.064 þús.kr.

Kostnaður vegna framkvæmda er áætlaður 20.066 þús.kr. Nánari skýringar með fjárhagsáætlun má finna í greinargerð með fjárhagsáætlun sem sett verður á vef sveitarfélagsins.

## Ó-listi óskar bókunar;

Við erum ekki að öllu leiti sammála þeim áherslum meirihlutans sem fram koma í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Má þar helst nefna umtalsverða hækkun á rekstrargjöldum, sem og verulega hækkun sorpgjalda. Auk þess viljum við benda á að samkvæmt fjárhagsáætlun þessari er niðurstaða aðalsjóðs að frádregnum fjármagnsliðum neikvæð um tæpar 10 milljónir króna. Til samanburðar var niðurstaða aðalsjóðs í ársreikningi 2014 neikvæð um krónur 255 þúsund. Með þessum áherslum meirihlutans teljum við að fjárhag



sveitarfélagsins sé stefnt í sömu stöðu og var fyrir aðkomu Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga árið 2012. Því sitjum við hjá við afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

D- og Z-listi óska bókunar;

Niðurstaða A-hluta er 9 milljónir í rekstrarhagnað fyrir 2016. Það er meðvituð ákvörðun meirihluta sveitarstjórnar að safna ekki sjóðum heldur halda úti nauðsynlegri þjónustu við íbúa, sinna uppbyggingu og taka á uppsafnaðri viðhaldsþörf á eignum sveitarfélagsins.

Fjárhagsáætlun samþykkt af EBH, BG og HGÁ. JG og SG sitja hjá.

## 8. Fjárhagsáætlun Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla 2016

Gert er ráð fyrir að heildartekjur ársins verði 179,1 m.kr. þar af 159 m.kr. í daggjöld, um 20 m.kr. í sértekjur. Af sértekjum er gert ráð fyrir 5,2 m.kr. styrk á móti húsaleigu frá Skaftárhreppi og 2,9 m.kr. vegna niðurfellingu skuldar við Skaftárhrepp. Laun og launatengd gjöld 129.911 þús.kr. Annar rekstrarkostnaður 48.160 þús.kr. Fjármagnsliðir er áætlaðir 70 þús.kr. Rekstrarniðurstaða er áætluð 994 þús.kr. Eignir eru áætlaðar 30.496 þús.kr. Eigið fé verður -31.124 þús.kr. Skuldir og skuldbindingar samtals 61.620 þús.kr. Handbært fé í árslok er áætlað 29.179 þús.kr.

Fjárhagsáætlun Klausturhóla samþykkt samhljóða.

## 9. Umsókn um nýtt rekstrarleyfi gististaðar í Arnardrangi

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við umsóknina.

## 10. Umsókn um tækifærisleyfi í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við umsóknina.

## 11. Erindi frá Kirkjukór Prestsbakkakirkju. dags. 01.12.2015

Sveitarstjórn þakkar erindið. Vinna er í gangi vegna tónlistarkennslu á vorönn 2016. Staða tónlistarskólustjóra verður auglýst að nýju árið 2016 fyrir skólaárið 2016-2017. Fræðslunefnd og sveitarstjóra falið að ræða tillögur að útfærslum á samstarfi við sóknarnefndir í Kirkjubæjarklaustursprestakalli.

## 12. Niðurstöður vinnustaðaúttektar

Sveitarstjórn þakkar Vinnuvernd fyrir góða vinnu og mun í framhaldinu móta sér stefnu í mannauðsmálum fyrir Skaftárhrepp. Sveitarstjórn tekur allar ábendingar sem fram komu í úttekt Vinnuverndar alvarlega og mun vinna að því af heilum hug að bæta starfsumhverfi stofnana af fremsta megni.

## 13. Lóðarleigusamningur vegna Túngötu 10-12.

Sverrir Gíslason lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu málsins og vikur af fundi.

Sveitarstjórn fagnar íbúðauppbyggingu á Kirkjubæjarklaustri og staðfestir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn.

Sverrir Gíslason kemur aftur til fundarins.

## 14. Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu Efri-Eyjarveggar nr. 2149 af vegaskrá.09.11.2015

Sveitarstjórn mótmælir niðurfellingu Efri-Eyjarveggar nr. 2149 af vegaskrá með vísan í fyrri bókanir dags. 11. júní 2015 og 11. nóvember 2015.



15. Tilnefning nýs varamanns D-lista í fræðslunefnd

*D-listi tilnefnir Unnar Stein Jónsson sem varamann í fræðslunefnd.*

16. Tilnefning nýs varamanns Ó-lista í menningarmálanefnd

*Ó-listi tilnefnir Gerði Þórisdóttir sem varamann í menningarmálanefnd. Sveitarstjórn þakkar Brian Roger Haroldsson vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins.*

17. Kosning fulltrúa í Héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu

*Ó- listi leggur til að Jóhannes Gissurarson taki sæti í héraðsnefnd.*

*D- og Z-listi leggja til að Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, varaoddviti taki sæti í héraðsnefnd.*

*Niðurstaða atkvæðagreiðslu Jóhannes Gissurarson 2 atkvæði og Heiða Guðný Ásgeirsdóttir 3 atkvæði.*

18. Erindi frá Þorfinni Snorrasyni vegna umsóknar til Vegagerðar um héraðsveg að

Skaftárdal.08.12.2015

*Sveitarstjórn þakkar erindið og staðfestir að Snorri Þorfinnsson kt. 270588-2559 sé skráður með lögheimili að Skaftárdal 1, 880 Kirkjubæjarklaustri í Skaftárhreppi. Jafnframt staðfestir sveitarstjórn að Skaftárdalur 1-3 eru lögbýli.*

19. Styrkbeiðni frá félagi eldri borgara í Skaftárhreppi. dags. 15.11.2015

*Sveitarstjórn gerir ráð fyrir 100 þús.kr. styrk til ferðar félags eldri borgara árið 2016.*

*Sveitarstjórn samþykkir að veita 50 þús.kr. til viðbótar og verður framlagið tekið af óráðstöfuðum styrk undir skrifstofu sveitarfélagsins.*

## II. Fundargerðir til samþykktar

1. 62. fundur æskulýðs- og íþróttanefndar. 26.11.2015

3. Nefndin er með hugmyndir um að vera með heilsuviku í tengslum við

Uppskeruhátíð Skaftárhrepps haustið 2016. Nefndin vill vekja athygli á því að gera þarf ráð fyrir því í fjárlagagerð fyrir árið 2016.

*Sveitarstjórn fagnar því að haldin verði heilsuvika í Skaftárhreppi. Svo hægt sé að gera ráð fyrir því í fjárhagsáætlanagerð sveitarfélagsins þarf að liggja fyrir nánari útfærsla á hugmyndum og áætlunum kostnaði.*

*Fundargerð í heild samþykkt.*

2. 142. fundur fræðslunefndar 23.11.2015

Grunnskóli

3. Heimilisfræðistofa

Skólastjóri greinir frá því að skólanum hafi borist samtals 1 milljón, sem ætluð er til endurbóta og tækjakaupa í heimilisfræðistofu skólans. Gjöfin barst annars vegar frá kvenfélagi Kirkjubæjarhrepps og kvenfélaginu Hvöt og hins vegar frá menningarmálanefnd Skaftárhrepps, í tengslum við uppskeruhátíð. Nefndin felur skólastjóra og heimilisfræðikennara, í samvinnu við fræðslunefnd og sveitarstjóra að gera áætlun um endurbætur á heimilisfræðistofunni svo hún verði tilbúin fyrir næsta skólaár. Nefndin hvetur jafnframt sveitarstjórn Skaftárhrepps til þess að koma með mótframlag við þessa rausnarlegu gjöf til að hægt sé að standa myndarlega að endurbótum.



Fræðslunefnd vill koma á framfæri þakklæti fyrir þessu rausnarlegu gjöf, stuðningur sem þessi er ómetanlegur og verður vonandi til þess að hægt verði að bjóða nemendum upp á bestu mögulegu aðstöðu til náms í heimilisfræði.

*Sveitarstjórn tekur undir þakkir fræðslunefndar. Gert er ráð fyrir allt að 500 þús.kr mótframlagi frá Skaftárhreppi í fjárhagsáætlun.*

Fræðslunefnd

1. Tilnefning varamanns

Nefndin ítrekar við sveitarstjórn að kjósa þurfi nýjan varamann í stað Rakelar Pálmadóttur (D), þar sem hún hefur tekið sæti aðalmanns.

*Sveitarstjórn þakkar ábendinguna. Varamaður hefur verið tilnefndur.*

*Fundargerð í heild samþykkt.*

3. 108. fundur rekstrarnefndar Klausturhóla. 17.11.2015

1. Sveitarstjóri fer yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Farið er yfir sundurliðun áætlunarinnar nokkrar breytingar eru gerða á drögum að áætluninni, hækkan á launaliðum auk þess sem fjármagn til viðhalds er hækkað. Samhliða gert fjárhagsáætlunar ársins 2016 óskar rekstrarnefnd eftir því við sveitarstjórn Skaftárhrepps að skuld heimilisins við Skaftárhrepps verði felld niður á fjórum árum. Rekstrarnefnd Klausturhóla óskar eftir því að sveitarstjórn geri ráð fyrir húsnæðisstyrk við gerð fjárhagsáætlunar Skaftárhrepps vegna ársins 2016.

*Sveitarstjórn hefur tekið tillit óska nefndarinnar í fjárhagsáætlun 2016-2019. Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.*

*Fundargerð í heild samþykkt.*

4. 109. fundur rekstrarnefndar Klausturhóla. 08.12.2015. *Fundargerð samþykkt*

5. 114. fundur skipulagsnefndar. 09.12.2015

**1. Hestúsasvæði – Deiliskipulag**

***Fulltrúum hestamannafélagsins falið að halda áfram með vinnslu tillögunnar og bera undir félagafund hestamannafélagsins. Tillögum verði skilað inn til fulltrúa skipulags –og byggingarmála til frekari vinnslu.***

*Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar*

*Beiðni frá fulltrúa skipulags –og byggingarmála að tekið verði inn mál utan auglýstrar dagskrár: Samþykkt*

**2. Orustustaðir – Beiðni um umsögn vegna tilkynningarskýrslu frá Skipulagsstofnun**

Lögð er fyrir nefndina tilkynningarskýrsla vegna matskyldu framkvæmda að Orustustöðum.

*Nefndin telur að viðkomandi tilkynningarskýrsla sé í samræmi við aðalskipulag Skaftárhrepps og deiliskipulag vegna hótels í landi Orustustaða sem samþykkt var úr sveitarstjórn þann 26.október síðastliðinn. Nefndin telur ekki að framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum miðað við þær forsendur sem hún hefur. Nefndin telur að nægjanlega vel sé gert grein fyrir umfangi framkvæmdarinnar, umhverfi, mótvægisáðgerðum og vöktunum. Viðkomandi framkvæmdir innan svæðisins eru háðar veitingu framkvæmdaleyfis sbr. Reglugerð nr. 772/2012. Allar byggingarframkvæmdir eru háðar veitingu byggingarleyfis í samræmi við skilmála byggingareglugerðar nr. 112/2012. Að öðru leiti er ekki gerð athugasemd við*



## **tilkynningarskýrslu.**

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

## **4. Gestastofa / Þekkingarsetur – Staðsetning**

***Skipulagsnefnd hefur nú þegar tekið afstöðu til staðsetningar þekkingarsetur með breytingu á aðalskipulags Skaftárhrepps í október 2015. Engin formlega beiðni um aðra staðsetningu hefur borist til afgreiðslu nefndarinnar og telur nefndin því ekki ástæðu til að taka afstöðu til annarrar staðsetningar að svo komnu máli.***

*Í ljósi breyttra aðstæðna mun sveitarstjórn vinna tillögur að staðsetningum í samstarfi við Skipulags- og byggingarfulltrúa sem lagðar verða fyrir íbúa sveitarfélagsins.*

## **5. Strútslaug – Deiliskipulag**

***Nefndin gerir ekki athugasemd við framlögð drög af deiliskipulagi við Strútslaug.***

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar*

*Fundargerð í heild samþykkt.*

## **6. 6. fundur atvinnumálanefndar. 01.12.2015**

### **2) Fjárhagsáætlun 2016**

Atvinnumálanefnd hefur margoft farið þess á leit við sveitarstjórn að koma á fót starfatorgi. Til þess þarf sveitarstjórn að endurnýja heimasíðu sveitarfélagsins.

Nefndin spyr hvort hafinn sé undirbúningur að nýrri heimasíðu?

*Sveitarstjórn þakkar ábendinguna. Ekki er ráðgert að endurnýja vefsíðu sveitarfélagsins árið 2016.*

### **3) Önnur mál.**

Samgöngumál skipta miklu fyrir atvinnumál í sveitarfélaginu. Á fimmta fundi atvinnumálanefndar velti nefndin fyrir sér hvort samgöngumál ættu að vera innan málefna atvinnumálanefndar. Nefndarmenn eru sammála um að svo eigi að vera og óskar eftir því að sveitarstjórn taki afstöðu til þess.

*Samkvæmt erindisbréfi skipulags- og byggingarnefndar er það eitt af hlutverkum og verksviði nefndarinnar að vera sveitarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn um erindi sem tengjast samgöngumálum.*

Atvinnumálanefnd vill fara þess á leit að kannað verði með skráningu á frístundahúsnæði sem og öðrum fasteignum sem kunna að vera ranglega skráð í fasteignamati, en eiga að teljast til atvinnuhúsnæðis og bera skatta og gjöld samkvæmt því. Með þessu er atvinnumálanefnd að horfa á gistingu auglýsta á vefsíðum líkt og Airbnb og fleiri bókunarsíða. Vilji Skaftárhreppur vera gæðaáfangastaður er mikilvægt að ávallt sé fagmennsku gætt.

*Sveitarstjórn þakkar ábendinguna og felur sveitarstjóra að fara yfir þessar skráningar samhliða álagningu fasteignagjalda 2016.*

*Fundargerð í heild samþykkt.*

## **III. Fundargerðir til kynningar.**

1. Fundur hinna staðföstu landráðamanna. 17.11.2015. *Fundargerð kynnt.*

2. 168. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands. 27.11.2015. *Fundargerð kynnt.*





3. 500. fundur stjórnar SASS. 19.11.2015. *Fundargerð kynnt.*
4. Fundargerð aðalfundar SASS 29. og 30.10.2015. *Fundargerð kynnt.*
5. Fundargerð aðalfundar Bergrisans bs. 30.10.2015. *Fundargerð kynnt.*
6. Fundargerð almannavarnarnefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. 09.10.2015.

*Fundargerð kynnt*

7. Fundargerð 832. fundar SÍS. 20.11.2015. *Fundargerð kynnt.*
8. Fundargerð íbúafundar verkefnisins „Skaftárhreppur til framtíðar“. 04.11.2015.

*Fundargerð kynnt.*

9. Fundargerð 93. fundar Héraðsnefndar. 12.06.2015. *Fundargerð kynnt.*
10. Fundargerð 94. fundar Héraðsnefndar. 08.12.2015. *Fundargerð kynnt.*

#### IV. Annað kynningarefni.

1. Ályktanir ársþings SASS 2015. 30.10.2015. *kynnt.*
2. Áætluð framlög sveitarfélaga til SASS 2016. 16.11.2015. *kynnt.*

Næsti fundur áætlaður 14. janúar 2016

Fundargerð lesin upp

Fundi slitið kl. 18.10

Eva Björk Harðardóttir

Jóhannes Gissurarson

Sverrir Gíslason

Bjarki Guðnason

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir

